



Haustþing SSNE 2025

Haldið rafrænt 29. október 2025

Ályktanir

Á Norðurland eystra eru mikil tækifæri til uppbyggingar á enn öflugra atvinnulífi. Þar býr öflugt samfélag fólks, fyrirtækja og stofnana sem eru tilbúin til sóknar – með fjölbreytt atvinnulíf, framsækna menntastarfsemi og ríka sköpunargleði. Landshlutinn hefur alla burði til að verða einn af drifkröftum nýs vaxtarskeiðs á Íslandi – en til þess þarf skýra framtíðarsýn, jöfnun aðbúnaðar og markvissa fjárfestingu í innviðum, nýsköpun og menntun.

Haustþing SSNE árið 2025 samþykkir eftirfarandi ályktanir:

- Haustþing SSNE hvetur til frekari nýtingar á þeim stóru tækifærum sem felast í millilandaflugi um Akureyrarflugvöll**
Í nýlegri skýrslu Rannsóknamiðstöðvar ferðamála kemur fram að beint flug til Akureyrar getur stuðlað að aukinni dreifingu ferðamanna og eftir ferðaþjónustu utan suðvesturhorns landsins. Haustþing SSNE leggur áherslu á að flugþróunarsjóður verði eflur með auknu fjármagni og þróun á reglum hans, auk þess að völlum verði þróaður sem öflugur flugvöllur fyrir bæði farþega- og fraktflug með áframhaldandi uppbyggingu aðstöðu á flugvöllinum. Með eflingu flugs um Akureyri skapast ný tækifæri fyrir ferðaþjónustu, útflutning, erlendar fjárfestingar á Íslandi og tengsl við alþjóðamarkaði sem nýtast landinu öllu. Haustþing SSNE telur mikilvægt að skipuð verði sérstök stjórn fyrir Akureyrarflugvöll sem setur honum stefnu til framtíðar. Hlutverk stjórnarinnar væri að byggja upp alþjóðaflugvöllinn sem aðra gátt inn í landið; byggja upp nauðsynlega innviði vallarins, tryggja samkeppnishæfni og hafa leiðandi hlutverk í markaðssetningu hans í samstarfi við hagsmunaaðila í gegnum Markaðsstofu Norðurlands og Íslandsstofu.
- Haustþing SSNE leggur áherslu á skattastefnu sem styður uppbyggingu atvinnulífs um land allt.**
Nauðsynlegt er að tryggja að gjöld, svo sem vegna flutninga, ferðaþjónustu, sjávarútvegs og orkunýtingar, dragi ekki úr samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni né dragi úr möguleikum nýrra aðila til að hefja atvinnustarfsemi. Þá leggur haustþing sérstaka áherslu á að stjórnvöld endurskoði fyrirkomulag skattheimtu á skemmtiferðaskip með áherslu á fyrirsjáanleika og sanngirni.
- Haustþing SSNE fagnar því að stjórnvöld ætli að setja aukinn kraft í uppbyggingu á Bakka við Húsavík** til að nýta sem best þær fjárfestingar sem ríkið hefur þegar farið í þar vegna uppbyggingarinnar. Með uppbyggingu á hringrásariðngarði á Bakka liggja gríðarleg tækifæri til verðmætasköpunar fyrir Norðurland eystra og landið allt til framtíðar.
- Haustþing SSNE ítrekar mikilvægi þess að jöfnun raforkukostnaðar verði tryggð** þannig að íbúar og fyrirtæki um allt land sitji við sama borð. Sanngjörn og stöðug orkuverðlagning er sömuleiðis forsenda nýrrar atvinnuuppbyggingar, orkuskipta og framfara í loftslagsmálum.

5. **Haustþing SSNE skorar á Alþingi og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra** að tryggja að framkvæmdir við 132 Kv loftlínu frá Kópaskeri til Þórshafnar hefjist tafarlaust. Fjöldmörg fyrirtæki bíða í startholunum með uppbyggingu bæði á atvinnutækifærum og orkuframleiðslu í Langanesbyggð. Á svæðinu er skortur á flutningsgetu raforku orðinn verulega takmarkandi þáttur samfélagslegrar uppbyggingar og þar með gríðarleg verðmæti í húfi fyrir landið allt.
6. **Haustþing SSNE leggst alfarið gegn því að lögfest verði skylduáðild að landshlutasamtökum sveitarfélaga**, enda vafasamt að slík skylda standist stjórnarskrá Íslands. Þá vill haustþing SSNE jafnframt vara við því að setja landshlutasamtök í þá aðstöðu að veita umsagnir um sameiningu sveitarfélaga, enda gæti slíkt grafið undan mikilvægu hlutleysi og trausti gagnvart öllum aðildarsveitarfélögum.
7. **Haustþing SSNE leggur þunga áherslu á að stjórnvöld í samstarfi við Sjúkrahúsið á Akureyri leiti lausna í þeirri stöðu sem nú er uppi vegna deilna um verktakasamninga um ferliverk.** Það er grundvöllur áframhaldandi uppbyggingar atvinnu- og mannlífs á svæðinu að í boði sé framúrskarandi heilbrigðisþjónusta.
8. **Haustþing SSNE styður frekari uppbyggingu Háskólans á Akureyri.** Sjálfstæður háskóli á landsbyggðinni er mikilvægur drifkraftur nýsköpunar, menntunar og rannsókna á Íslandi, auk þess að skipta sköpum við eflingu atvinnulífs á Norðurlands eystra. Þá eru mikil tækifæri fólgin í því að byggja upp Sjúkrahúsið á Akureyri sem háskólasjúkrahús í samstarfi við Háskólann á Akureyri.
9. **Haustþing SSNE leggur áherslu á að viðhald og uppbygging vegakerfisins verði forgangsmál** og að vetrarþjónusta á helstu leiðum verði eflað til að tryggja öryggi, samkeppnishæfni og tengsl atvinnulífsins við útflutningsmarkaði. Þá verði viðurkennt að hálkuvarnir séu alltaf hluti af vetrarþjónustu. Samgöngur eru lífæð samfélaga og með markvissum fjárfestingum skapast forsendur fyrir aukinni verðmætasköpun og jafnvægi í byggð.
10. **Haustþing SSNE hvetur stjórnvöld til að tryggja fjarskiptaöryggi um allt land.** Lögd er sérstök áhersla á að tryggja fjarskiptaþjónustu á þjóðvegum og í dreifðum byggðum til að tryggja öryggi og jafnræði í þjónustu.
11. **Haustþing SSNE ítrekar mikilvægi þess að viðhalda og efla nærþjónustu eins og kostur er.** Aukin miðstýring þjónustu og sameining stofnana, eins og til að mynda með sameiningu sýslumannsembætta og breytinga á heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna, má ekki leiða til þess að íbúar þurfi að ferðast lengra eða greiða meira til að fá grunnþjónustu frá ríkinu.
12. **Haustþing SSNE skorar á Alþingi að tryggja að embætti sýslumanns Íslands verði staðsett á Húsavík** líkt og fyrra frumvarp sama efnis gerði ráð fyrir eftir tillögu Bygðastofnunar.
13. **Haustþing SSNE minnir á að jöfn tækifæri til búsetu, menntunar og atvinnu eru forsenda sjálfbærrar byggðar í landinu.** Stjórnvöld verða að tryggja að stefnumótun ríkisins í menntun, heilbrigðisþjónustu, samgöngum og skattamálum styðji við landsbyggðina en grafi ekki undan henni.
14. **Haustþing SSNE fagnar nýsamþykkttri borgarstefnu og skorar á stjórnvöld að leggja fram sem fyrst aðgerðaráætlun um framkvæmd hennar.** SSNE og sveitarfélögin innan landshlutans lýsa sig reiðubúin til að koma að því að vinna við skilgreiningu svæðisborgarinnar og hlutverk hennar.

Norðurland eystra er tilbúið til sóknar — með öflugu atvinnulífi, menntun og innviðum sem geta orðið drifkraftur verðmætasköpunar fyrir íslenskt samfélag allt. Haustþing SSNE 2025 hvetur stjórnvöld til að vera með í þeirri sókn.